



**Félag lífeindafræðinga**  
The Icelandic Association of Biomedical Scientists

Alþingi  
Erindi nr. *Þ 135/1409*  
komudagur *14.2.2008*

13. febrúar 2008

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

### Um frumvarp til laga um flutning á útgáfu starfsleyfa til landlæknis

Félagi lífeindafræðinga hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna flutnings á útgáfu starfsleyfa til landlæknis.

Félag líffræðinga mótmælir þessum fyrirhuguðu breytingum. Félagið er fullkomlega sátt við núverandi lög um lífeindafræðinga sem kveða meðal annars á um það að veiting starfsleyfa lífeindafræðingum til handa falli undir Heilbrigðisráðuneytið, enda eru lífeindafræðingar heilbrigðisvísindastétt og heilbrigðisvísindi hljóta að falla undir Heilbrigðisráðuneytið.

Lífeindafræðingar starfa á margs konar vinnustöðum sem heyra ekki undir Landlækni, en vonandi heyrir starfsemi þeirra stofnana að einhverju leyti undir Heilbrigðisráðuneytið að minnsta kosti hvað starfsleyfi varðar. Lífeindafræðingar stunda störf í fyrirtækjum sem stunda lífeinda- og lyfjarannsóknir, framleiðslu og sölu á lyfjum og rannsóknavörum, auk þess að stefna að því að reka eigin fyrirtæki s.s. rannsóknastofur sem vinna ekki eingöngu eftir beiðnum frá læknum. Skal á það bent máli okkar til stuðnings að fyrir áratug var í gangi talsverð umræða um að stéttin meinatæknar gæti kallast líftæknifræðingar, en þar sem lög um tæknifræðinga kveða á um það að þeir heyri undir Iðnaðarráðuneytið var alfarið fallið frá þessari hugmynd. Lífeindafræðingar eru sjálfstæð heilbrigðisvísindastétt. En af u.þ.b. 500 útskrifuðum lífeindafræðingum á Íslandi, bæði íslenskum og erlendum, starfar aðeins tæplega helmingur á sjúkrahúsum og örfáum öðrum heilbrigðisstofnunum.

Félag lífeindafræðinga fær ekki séð hvernig það getur talist eðlilegt að Landlæknir veiti starfsleyfi fyrir alla þá vísindamenn sem starfa á almennum markaði og sér heldur ekki þörf á tvenns konar starfsleyfum: Einu fyrir heilbrigðisstétt innan heilbrigðisstofnana og öðru fyrir sjálfstæða vísindamenn á almennum markaði. Eða verður krafan um starfsleyfi þá felld niður fyrir þá lífeindafræðinga sem starfa utan opinberra heilbrigðisstofnana?

Félag lífeindafræðinga mótmælir breytingum á lögum um lífeindafræðinga sem flytja þeirra mál undir aðra aðila en Heilbrigðisráðuneytið. Félagið telur að öll fagmál lífeindafræðinga falli undir Heilbrigðisráðuneytið eingöngu og eigi þar heima um ókomna tíð.

Virðingarfyllst,

Kristín Hafsteinsdóttir  
Formaður Félags lífeindafræðinga